

Markmið og aðgerðir 2026-2028





Kjarnastarfsemi

Kvennaskólinn í Reykjavík er framhaldsskóli með bekkjakerfi og í haust var boðið upp á nám á fjórum námsbrautum: [Félagsvísindabraut](#), [náttúruvísindabraut](#), [starfsbraut](#) og [íslenskubraut](#) fyrir nemendur af erlendum uppruna. Skólinn starfar eftir lögum um framhaldsskóla [nr. 92/2008](#) og gildandi [aðalnámskrá](#).

Fjöldi nemenda á haustönn 2025 er 690 á haustönn, þar af 251 nemendur á félagsvísindabraut, 392 á náttúruvísindabraut, 17 á starfsbraut og 30 á íslenskubraut. Gert er ráð fyrir svipuðum nemendafjölda næstu þrjú árin á bóknámsbrautum til stúdentsprófs, fjölgun um nokkra nemendur á starfsbraut og að árlega verði um 30 nemendur á íslenskubraut.

Félagsvísinda- og náttúruvísindabraut eru bóknámsbrautir til 200 eininga stúdentsprófs á þriðja þrepi þar sem námstíminn er sveigjanlegur, 3-4 ár, en stefna skólans er að flestir ljúki stúdentsprófi á þremur árum. Á starfsbraut skólans er boðið upp á fjögurra ára einstaklingsmiðað nám á fyrsta þrepi. Á íslenskubraut er boðið upp á tveggja ára nám með áherslu á íslensku. Búið er að staðfesta námsbrautir til stúdentsprófs: Félagsvísindabraut (14-6-3-6) og náttúruvísindabraut (14-5-3-6). Unnið er að ritun starfs- og íslenskubrautar.

Skólinn leggur áherslu á að veita nemendum sem besta menntun í námsumhverfi þar sem þeim líður vel og þeir læra að bera ábyrgð á eigin námi.

Inntökuskilyrði á námsbrautir skólans eru tilgreindar á heimasíðu skólans sem og reglur um námsframvindu.

Skólanámskrá skólans er rafræn, birt á vef skólans og í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla. Skólanámskráin skiptist í eftirfarandi fimm kafla: 1) Upplýsingar um skólann og starfshætti, 2) um námið, námsbrautir, námsmat og námsframvindu, 3) þjónusta við nemendur, stoð- og farsældarþjónusta, 4) áfangalýsingar og 5) upplýsingar um skólann og námið á ensku. Skólanámskráin er yfirfarin og uppfærð á hverju hausti.

Með áherslum í kjarnastarfsemi skólans tekur skólinn virkan þátt í vinnu stjórnvalda um aðgang að gæðanámi og stoðþjónustu, menntun fyrir alla og fjölda nemenda sem ljúka námi á tilskyldum tíma.



Almennur rekstur

Kvennaskólinn í Reykjavík starfar í þremur byggingum, Fríkirkjuvegi 1 og 9 og Þingholtsstræti 37. Vinnurými eru til staðar fyrir kennara að Fríkirkjuvegi 1 og 9 þar sem megnið af kennslu fer fram. Mötuneyti skólans er í Þingholtsstræti sem jafnframt þjónar sem aðstaða fyrir viðburði innan skólans. Kennslubúnaður er í stöðugri endurnýjun og hefur áherslan undanfarið verið á stillanleg vinnuborð og endurnýjun stóla í kennslustofum. Unnið er að endurbótum á aðstöðu fyrir bókasafn og námsver að Fríkirkjuvegi 9.

Við skólann er starfsfólk nú 75 talsins í 70,2 stöðugildum. Á kennslusviði eru 64 kennarar, 44 konur og 20 karlar í 57,94 stöðugildum. Þar af eru tvö stöðugildi vegna veikinda og tvö vegna námsleyfis. Tveir leiðbeinendur eru í námi til kennsluréttinda í 1,36 stöðugildi í tímabundinni afleysingu sem er 2,35% af heildarstöðugildum í kennslu. Á sviði nemendapjónustu eru tvær konur í 1,4 stöðugildi náms- og starfsráðgjafa. Hjúkrunarfræðingur á vegum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins starfar innan skólans í 30% stöðugildi. Á þjónustusviði er starfsfólk alls 9, þar af 4 karlar í fjórum stöðugildum og 5 konur í 4,25 stöðugildum. Í yfirstjórn skólans eru skólameistari, aðstoðarskólameistari, fjármála- og skrifstofustjóri og áfangastjóri, konur í 100% stöðu hver.

Í fjárlögum ársins 2026 eru ársnemendur 650 talsins og eru nemendur á starfsbraut og hluti nemenda á íslenskubraut þar fyrir utan. Á fjárlögum fyrir árið 2025 voru ársnemendur einnig 650. Á [heimasíðu skólans](#) er að finna jafnréttisstefnu, jafnlaunastefnu, launastefnu, persónuverndarstefnu, samgöngustefnu, mannauðsstefnu, lýðheilsu- og forvarnarstefnu, umhverfis- og loftslagsstefnu og að auki jafnréttisáætlun, móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku, stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti og ofbeldi (EKKO-mál), áætlun um viðbrögð við vá og rýmingaráætlun.


Ytri úttekt fór fram á starfsemi skólans 2019. Skýrsla matsaðila og umbótaáætlun var birt á heimasíðu skólans og er umbótum lokið. Ekki liggur fyrir hvenær ytra mat er áætlað næst. Í skólanum er starfandi matsteymi undir stjórn áfangastjóra. Í matsteyminu sitja skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, fulltrúar starfsfólks, foreldra og nemenda. [Sjálfsmatsverkefni skólaársins 2024-2025](#) voru unnin samkvæmt þriggja ára matsáætlun sem samþykkt var haustið 2024. Matsáætlun skólans er endurskoðuð árlega. Matsáætlun skólans og niðurstöður úttekta og athugana sem gerðar hafa verið í Kvennaskólanum eru birtar á heimasíðu skólans (<https://www.kvenno.is/is/skolinn/stefnur-og-aaetlanir-1/mat-a-skolastarfi-1>).



Markmið og mælikvarðar

Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar
Auka gæði náms og kennslu:		
Námsframboð	% nemenda sem telur námsframboð í kjarna- og valáföngum gott eða frekar gott.	Viðhorfskannanir
Fjölbreytni kennsluaðferða	% nemenda sem telur kennsluaðferðir fjölbreyttar	Kennslu- og áfangamat
Líðan nemenda í skólanum	% nemenda sem líður vel í skólanum	Viðhorfskannanir
Efla námskraft og auka ábyrgð nemenda:		
Skólasókn	% nemenda sem eru með 80-100% raunskólasókn	Viðveruskráning í Innu
Gildi námsins	% nemenda sem telja sig læra færni sem er mikils virði	Viðhorfskannanir
Vinna í kennslustundum	% nemenda sem telur vinnufrið í kennslustundum góðan	Kennslu- og áfangamat
Að nemendur komi vel undirbúnir til framhalsnáms:		
Undirbúningur fyrir framhaldsnáms	% útskrifaðra nemenda sem telur sig vel undirbúna fyrir framhaldsnám	Viðhorfskannanir
Öflugur mannauður:		
Starfsánægja	Heildareinkunn úr Stofnun ársins	Stofnun ársins
Starfræn fæmi	Hæfni starfsfólk	Stafræn hæfnikönnun
Jafnrétti	Samsett gildi úr 6 spurningum	Stofnun ársins
Sjálfbær rekstur:		
Rekstur innan áætlunar (mkr.)	Rekstur innan áætlunar (mkr.)	Frávik rekstrarniðurstöðu (mkr.) frá áætlun fyrir framlag ríkissjóðs skv. ORRA

Aðgerðir



Auka gæði náms og kennslu

- Endurskoða með hvaða hætti grunnþættir menntunar endurspeglast í starfsháttum skólans, skólabrag og inntaki námsgreina.
- Endurskoða starfsemi skólabókasafnsins.

Efla námskraft og auka ábyrð nemenda

- Endurskoða móttöku nýnema og nýnemafræðslu

Að nemendur komi vel undirbúnir til framhaldsnáms

- Endurskoða námsmatsstefnu skólans

Öflugur mannauður

- Innleiða rafrænt prófakerfi
- Greina félagslegt vinnuumhverfi samhliða gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði
- Gera starfsþróunaráætlun
- Endurskoða móttöku nýs starfsfólks

Sjálfbær rekstur

- Endurskoðun á samningum um öryggisþjónustu
- Endurskoðun á fyrirkomulagi tölvuumsjónar

Mat á skólastarfi

Niðurstöður úttekta og athugana sem gerður eru í Kvennaskólanum eru birtar á heimasíðu skólans í árlegri [sjálfsmatsskýrslu](#).

KVENNASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

KYNNING FYRIR 10. BEKKingA

SKÓLINN ^

NÁMIÐ v

ÞJÓNUSTA v

ÁFANGAR

ENGLISH v



Starfsfólk

Hafa samband

ENG

Skólinn

- Um skólann
- Kynning á skólanum
- Svör við algengum spurningum
- Skipurit
- Húsnæði skólans
- Markmið og aðgerðir
- Skólareglur
- Hlutverk og gildi
- Erlent samstarf

Fólk og félög

- Starfsfólk
- Félagslíf nemenda
- Foreldrasamstarf
- Skólanefnd
- Skólaráð
- Vettvangsnám kennaranema

Útgefið efni

- Stefnur
- Áætlanir
- Mat á skólastarfi
- Ársreikningar
- Ársskýrslur
- Starfsáætlanir

Tilkynningahnappur

Tilkynna einelti, ofbeldi, kynferðislega áreitni og/eða kynbundið áreiti (EKKO)